

Sp. 153. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um liðsinni við pólsku þjóðina.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Árni Gunnarsson, Benedikt Gröndal, Eiður Guðnason, Jóhanna Sigurðardóttir, Karl Steinar Guðnason, Karvel Pálmason, Magnús H. Magnússon, Sighvatur Björgvinsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að kanna með hvaða hætti Íslendingar geta rétt pólsku þjóðinni hjálparhönd í þeim sérstöku efnahagsvandkvæðum sem hún býr nú við, t. d. með því að fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar og fyrirgreiðslu gætu tekist samningar um útflutning á íslenskum afurðum til Póllands á sérstökum kjörum, þ. á m. lánskjörum, sem tækju mið af ríkjandi ástandi í Póllandi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er ríkja nú miklar efnahagslegar þrengingar í Póllandi. Margar grannþjóðir okkar hafa rétt Pólverjum hjálparhönd með ýmsum hætti í þessum þrengingum. Nú má ráða af fréttum að matvælaframleiðsla sé of lítil í landinu og jafnvel verði matvæla-skortur.

Pólverjar hafa á undanförunum árum átt drjúg viðskipti við Íslendinga. Um árabíl hafa þeir verið meðal stærstu kaupenda á íslensku fiskimjöli sem nýtt er til matvælaframleiðslu. Þessi viðskipti hafa gengið vel.

Nú fer hins vegar litlum sögum af kaupum Pólverja á fiskimjöli héðan og má rekja það til efnahagsferfiðleika þeirra. Þegar þannig stendur á og í ljósi góðra viðskipta á liðnum árum er eðlilegt að kannað verði með hvaða hætti Íslendingar geti nú orðið pólsku þjóðinni að liði og þá einkanlega að því er varðar kjör á útflutningi til þeirra. Sérstaklega er þetta brýnt ef matvælaframboð í landinu er ónógt og hætta á matvælaaskorti, en aðalútflutningsvara okkar til þeirra hefur einmitt farið til matvælaframleiðslu.